

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlaganefndin hefir athugað frumvarp þetta, svo og ýms skjöl, er að því lúta, á allmörgum fundum og gerir við það þessar athugasemdir:

1.

Nefndinni hefir borist erindi frá stjórn landsbankans út af brunatjóni því, sem varð á næstliðnu vori á skrifstofu landsfjehirðis í landsbankanum, af óvátrygðum munum, svo sem ritföngum, eyðublöðum o. fl. Til þess að bæta upp tjón þetta, hefir landsfjehirðir orðið að verja um 600 kr., og segir hann í brjefi til bankastjórnarinnar, að hið árlega skrifstofufje sje orðið ófullnægjandi undir venjulegum kringumstæðum, svo að sjerstaka viðbót þurfi vegna þessa aukakostnaðar. Jafnvel þótt svo virðist, sem landsstjórninni finnist ekki knýjandi ástæða til að fara fram á aukafjárveiting í þessu skyni, þykir nefndinni sanngjarnt að brunatjón þetta komi niður á landssjóði og leggur til, að 600 kr. sjeu veittar í þessu skyni.

2.

Þeir Kristinn Sigurðsson múrari og Jens Eyjólfsson trjesmiðir, er tóku að sjer bygging pósthússins gegn fyrirfram ákveðinni upphæð, fara þess á leit með brjefi til Stjórnarráðsins, að þeim sje veitt uppbót á verksamningnum fyrir verðhækkun sem af völdum Norðurálfríðarins varð á ýmsu efni til hússins. Fara þeir fram á kr. 1881,00, samkvæmt sundurliðuðum reikningi. Stjórnin hefir falið byggingameistara Einari Erlendssyni mál þetta til umsagnar, og færir hann skaðabótareikninginn niður í kr. 1562,76, en mælir með, eða telur sanngjarnt, að sem því svari sje bætt upp. Nefndinni hefir nú verið skýrt frá, að menn þessir hafi leyst verk sitt heiðarlega af hendi þrátt fyrir óvænta örðugleika, svo og það, að tilboð þeirra um pósthúsbygginguna var hið langlægsta, sem fánlegt var. Þykir henni því rjett, að hjer komi sanngirni á móti, og leggur til að veittar sjeu 1500 kr. í þessu skyni.

3.

Út af 4. gr. D. lið, sendi ráðherra nefndinni brjef frá landssimastjóranum með breytingartillögum við nefndan lið. Kvaddi nefndin síðan landssimastjóran til viðtals á fundi og ræddi hina sundurliðuðu áætlun hans um aukafjárveitinguna. Varð það niðurstaðan af öllum þessum skýringum, að nefndinni þótti óhjákvæmilegt að hækka fjárveitinguna úr kr. 26162,27, upp í kr. 28712,27, er þá sundurliðast þannig:

1. Viðgerðir og breytingar á stöðvarhúsinu í Reykjavík	kr. 2500,00
2. Stækkun á miðstöðvarborði landssímans, flutningur o. fl.	— 2500,00
3. Kaup á Wheatstone-áhöldum til Reykjavíkur og Seyðisfjarðar...	— 7200,00
4. a. 3 starfsmenn í Reykjavík	— 3000,00
b. 2 símrítarar á Seyðisfirði	— 1800,00
c. 2 símameyjar á Akureyri	— 1200,00

d. 2	—»—	í Reykjavík	—	900,00
e.		Símamey og aukþjónusta á Borðeyri..	—	400,00
5.		Húsaleiga fyrir landssímastjórann í 10 mánuði og kaup á ýms- um skrifstofugögnum	—	1850,00
6.		Þátttaka í launum dyravarðar póst- og símahússins fyrir yfir- standandi ár	—	250,00
7.		Kostnaður út af bruna á Siglufirði	—	2112,27
8.		Kaup á viðgerðarkabel..	—	5000,00

Það er of langt upp að telja ástæður fyrir hverjum lið, og vísar því nefndin til athugas. við stjórnarfrv. með samanburði við áðurnefnt brjef lands-
símastjórans, dags. 15. þ. m., sem lagt verður fram á lestrarsalnum.

4.

Viðvikjandi síðasta lið 7. greinar vill nefndin gera þá athugasemd, að nefndinni er ekki kunnugt um að nein skýrsla hafi verið birt um ferð þá, er þar ræðir um, til prentlistarsýningarinnar í Leipzig 1914, og væntir þess, að hún verði lögð fyrir þingið, eða birt á prenti.

5.

Athugasemdin aftast í frumv. um árleg eftirlaun, 400 kr. af fje lands-
bankans, handa ekkjunni Steinunni Kristjánsdóttur, er gerð eftir tillögum lands-
bankastjórnarinnar, en kemur þó að því leyti ekki heim við upphaflega tillögu
hennar, að bankastjórnin vildi veita styrk þennan *einungis á meðan* ekkjan væri
að koma börnum sínum á framfæri, en ekki lengur, svo að það yrði ekki eftir-
leiðis eins og kvöð á landsbankanum að taka ekkjur starfsmanna bankans á föst
eftirlaun. Nefndin leggur því til, að breyta þessu í þá átt sem landsbankastjórnin
ætlaðist til. Og eftir fengnum upplýsingum ætti 5 ára styrkur að ná ofanefnd-
um tilgangi.

6.

Nefndin vill með athugasemd í fjárlögum, að Alþingi heimili stjórn-
inni að kaupa húseignina nr. 12 í Kirkjustræti, sem nú mun vera fól með allri
lóð sem henni hefir fylgt fyrir 18000 kr.

Ráðherra hefir leitað álits fjárlaganefndar um það, hvort hún sæi nokkuð
á móti því, að landsbankinn fengi keypta lóð á því svæði Arnarhólstúns, sem
fyrirhugað hefir verið opinberum byggingum. Án þess nefndin vilji nokkuð leggja
til þess, hvort landsbankahúsið verður bygt á sama stað og áður eða einhvers-
staðar á öðrum hentugum stað, þá lýsir hún því yfir sem sínu áliti, að slík
bygging, vegleg og traust sem væntanlega verður, getur vel átt heima á Arnar-
hólstúni, enda verður að teljast með opinberum byggingum.

Nefndin leyfir sjer að athuga það í sambandi við þetta fjárlagalagafrv.,
að á núgildandi fjárlögum er hvergi getið um nýjan tekjulið, sem einmitt hefir

komið til á þessu fjárhagstímabili, samkv. lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, en það er ágóðahluti af innskotsfje landssjóðs í landsbankanum. Ágóðahluti þessi nam fyrir árið 1914 (frá 1. júlí til ársloka) kr. 2652,35.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1915.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Björn Kristjánsson. Þórarinn Benediktsson. Eggert Pálsson.

Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.